

## Frumvarp til laga

### um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

#### 1. gr.

Orðin „og sinnir hann öðrum verkefnum þjónustuhóps aldraðra en þeim sem kveðið er á um í 4. tölul. 8. gr.“ í 5. másl. 1. mgr. 7. gr. laganna falla brott.

#### 2. gr.

4. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna fellur brott.

#### 3. gr.

2. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:

Engan má vista til langdvalar á stofnun fyrir aldraða skv. 14. gr. nema að undangengnu mati á vistunarþörf. Ráðherra skipar þriggja manna nefndir til að meta vistunarþörf. Nefndirnar skulu skipaðar lækni með sérmenntun á sviði öldrunar- eða heimilislækninga, hjúkrunarfræðingi með þekkingu á öldrunarþjónustu og félagsráðgjafa með þekkingu á félagslegri þjónustu við aldraða. Skipa skal þrjú varamenn sem uppfylla sömu menntunarskilyrði og aðalmenn. Nánar skal kveðið á um fjölda nefnda og starfssvæði þeirra í reglugerð.

#### 4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2008.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Í frumvarpinu er lagt til að gerð vistunarmats aldraðra, þ.e. faglegt einstaklingsbundið mat á þörf aldraðra einstaklinga fyrir vistun í dvalar- eða hjúkrunarrými eða önnur úrræði verði fært frá þjónustuhópum aldraðra á hendur fárra fagnefnda sem sinni því hlutverki einvörðungu. Markmiðið með þessari breytingu er að stuðla að auknu samræmi við gerð vistunarmats aldraðra og tryggja eins og kostur er faglegar og samanburðarhæfar niðurstöður vistunarmats um allt land. Þetta er í samræmi við tillögur Ríkisendurskoðunar í stjórnsluúttekt á þjónustu við aldraða (október 2005) þar sem segir: „Þessir hópar [þjónustuhóparnir] gegna mikilvægu hlutverki við að meta þörf einstaklinga fyrir stofnanaþjónustu. Vísendingar eru um að þeir hafi misgóða möguleika á að sinna þessu hlutverki enda starfa þeir við mjög ólík skilyrði. Kanna þarf hvort ekki ætti að fækka hópunum og veita þeim enn betri fræðslu í þeirri aðferð sem beitt er við að meta einstaklinga.“

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherra skipi þriggja manna nefndir fagfólks og jafnmarga varamenn með sömu menntun og aðalmenn, til að sinna vistunarmati aldraðra. Nánar verður kveðið á um fjölda nefnda, starfssvæði þeirra og framkvæmd og fyrirkomulag vistunarmatsins í reglugerð. Fyrirhugað er að fagnefndir sem sinna vistunarmati verði sex til níu á landinu öllu.

Samkvæmt núgildandi lögum um málefni aldraðra sinna þjónustuhópar aldraðra gerð vistunarmats ásamt öðrum lögbundnum verkefnum sínum nema í Reykjavík þar sem vistunarmatinu er sinnt af sérstökum matshópi sem skipaður er af þjónustuhópi aldraðra. Þjónustuhóparnir eru um 40 talsins um allt land. Mikill munur er á mannfjölda og þar með fjölda aldraðra á starfssvæði einstakra þjónustuhópa. Á fámennustu svæðunum gera þjónustuhópar aðeins mat á vistunarþörf örfárra einstaklinga á ári en í fjölmennustu sveitarfélögunum skipta matsgerðirnar tugum og matshópurinn í Reykjavík sinnir á fjórða hundrað matsgerðum á hverju ári. Til að skapa samræmi við faglegt mat á vistunarþörf og efla hlutlæg vinnubrögð er nauðsynlegt að matið sé á fárra höndum. Þannig fá matsaðilarnir mesta þjálfun og einnig er einfaldara að veita þeim samræmda fræðslu og sinna faglegu eftirliti.

Skynsamleg nýting dvalar- og hjúkrunarrýma ræðst að verulegu leyti af framkvæmd vistunarmats og vistun aldraðra á stofnanir. Miklu skiptir að einstaklingar fái þá þjónustu sem þeir þarfnast á því þjónustustigi sem best hentar þörfum þeirra á hverjum tíma. Stefna stjórnvalda í málefnum aldraðra er sú að styðja aldraða til sjálfstæðrar búsetu á eigin heimili eins lengi og unnt er, eins og kveðið er á um í lögum um málefni aldraðra. Kannanir hafa sýnt að aldraðir vilja upp til hópa búa heima eins lengi og kostur er, með eða án heimaþjónustu. Engu að síður er hlutfall aldraðra á stofnunum hér á landi nokkuð hátt í samanburði við nágrannaþjóðir okkar. Kannanir sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur staðið fyrir hafa leitt í ljós að nokkuð hátt hlutfall aldraðra sem búið er að meta í þörf fyrir vistun á dvalar- eða hjúkrunarheimili getur að eigin mati og að mati aðstandenda þeirra búið áfram heima við óbreyttar aðstæður og enn fleiri með auknum stuðningi. Þetta bendir til þess að biðlistar gefi að einhverju leyti ranga eða villandi mynd af raunverulegri þörf fyrir stofnanarymi.

Langir biðlistar hafa tilhneigingu til að lengjast vegna þess að fólk telur að með því að skrá sig tímanlega á biðlista geti það tryggt sér þjónustu þegar það þarf hennar mögulega með í framtíðinni. Þegar öldrunarstofnanir taka inn nýja vistmenn ber þeim að láta þá ganga fyrir sem lengst hafa beðið með brýna eða mjög brýna þörf fyrir vistun samkvæmt vistunarmati. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að vistunarmat sé unnið á eins faglegan og samræmdan hátt og kostur er til að tryggja að þeir fái hjúkrunarrými sem helst þurfa á því úrræði að halda og að enginn sé vistaður á stofnun á röngum forsendum án þess að þörf eða vilji sé fyrir hendi.

Þjónustuhópar aldraðra sinna vistunarmati aldraðra samkvæmt núgildandi lögum um málefni aldraðra ásamt eftirliti með heilsufari og velferð aldraðra á starfssvæði sínu og eftirliti með þjónustu við þá jafnframt því að sinna stefnumótun sem felst í því að gera tillögur til sveitarstjórna um öldrunarþjónustu. Starfssvæði þeirra samkvæmt lögum og reglugerð um þjónustuhópa og vistunarmat aldraðra er skilgreint sem umdæmi heilsugæslustöðva og geta sveitarfélög sameinast um þjónustuhóp sé það talið hagkvæmt. Það er álit heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins að þótt vistunarmat aldraðra verði fært frá þjónustuhópum aldraðra hafi þeir eftir sem áður mikilvægu hlutverki að gegna og bindur ráðuneytið vonir við að þessar breytingar muni efla störf þjónustuhópanna á sviði eftirlits, ráðgjafar og stefnumótunar í málefnum aldraðra á sínum svæðum.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,  
fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 125/1999,  
um málefni aldraðra, með síðari breytingum.**

Í frumvarpinu er lagt til að sérstakar vistunarmatsnefndir meti þörf aldraðra til langdvalar á stofnun fyrir aldraða. Samkvæmt gildandi lögum sinna þjónustuhópar aldraðra vistunarmati ásamt öðrum verkefnum en hóparnir eru um 40 og er kostnaður af starfi þeirra greiddur af sveitarfélögum. Í frumvarpinu er lagt til að í vistunarmatsnefndum sitji lækni, hjúkrunarfræðingur og félagsráðgjafi með sérþekkingu á þjónustu við aldraða. Megintilgangur breytinganna er að skapa samræmi og festu við faglegt og hlutlægt mat á vistunarþörf. Um fjölda nefnda og starfssvæði þeirra verður nánar kveðið á í reglugerð en miðað er við að þær verði sex til níu. Á árinu 2006 voru unnin um 1.700 vistunarmöt á landinu og þar af voru tæplega 340 á vegum Reykjavíkurborgar. Meðalkostnaður borgarinnar var tæplega 60.000 kr. á hvert mat eða rúmlega 20 m.kr. Ekki liggur fyrir hver er heildarkostnaður sveitarfélaganna vegna vistunarmata en hann fellur niður við þessa breytingu.

Samkvæmt frumvarpinu mun ríkissjóður að öllu leyti taka á sig kostnað vistunarmata en gert er ráð fyrir að meðalverð hvers mats verði á bilinu 35–40 þús. kr. eða um 60–70 m.kr. á ári miðað við sama fjölda mata. Er þá gert ráð fyrir fækkun matsnefnda og auknu hagræði sem felst í því að hver nefnd vinni mun fleiri möt. Miðað er við að breytingin taki gildi 1. janúar 2008.